

Tengiliður Barna

Tengiliður

Strax við fæðingu barns, eða eftir atvikum á meðgöngu, eiga foreldrar og börn rétt á þjónustu **tengiliðar** eftir því sem þörf krefur. Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og stiðja við samþættingu þjónustu á fyrsta stigi í samræmi við óskir foreldra og/eða barns. **Tengiliður** er einstaklingur í nærumhverfi barnsins:

- *Frá fæðingu og þar til barn hefur nám í leik- eða grunnskóla er tengiliður starfsmaður heilbrigðisstofnunar.*
- *Þegar barn er við nám í leik-, grunn- eða framhaldsskóla er tengiliður starfsmaður skólans þar sem barn er við nám.*
- *Ef það á ekki við er tengiliður starfsmaður félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem barnið á lögheimili.*

Tengiliður í Heilsuleikskólanum Suðurvöllum er Ragnhildur Hanna Finnbogadóttir aðstoðarleikskóla- og sérkennslustjóri. Hægt er að hafa samband við tengilið í gegnum netfangið ragnhildurhanna@vogar.is eða í síma 4406240.